

HVERNIG
SEGI ÉG
FRÁ?

HVENÆR
SEGI ÉG
FRÁ?

**SEGJUM
BÖRNUNUM OKKAR
FRÁ ÞVÍ HVERNIG
ÞAU URÐU TIL**

EGG- OG SÆÐISGJAFIR

HVAÐ Á ÉG
AÐ SEGJA?

HVERS
VEGNA Á
ÉG AÐ
SEGJA
FRÁ?

MERCK



1

Hvers vegna á ég að segja frá?

s.6-9

2

Hvenær og hvernig á ég að segja frá?

s.10-13

3

Hvað köllum við gjafann?

s.14

4

Staðgönguforeldrar

s.15

5

Eru einhver tilvik þar sem ekki ætti að segja frá?

s.16-17

6

Um egg- og sæðisgjafa

s.18-23

7

Ráðgjöf og stuðningur

s.24-25

8

Ítarefni

s.26-27



FORMÁLI

Rannsóknir og reynsla hafa varpað ljósi á mikilvægi þess að foreldrar séu opinskáir og heiðarlegir gagnvart börnum sem þeir hafa eignast eftir egg- eða sæðisgjöf og segi þeim hvernig þau urðu til. Foreldrar vilja alltaf gera það sem er best fyrir börn þeirra, en ekki er alltaf auðvelt að vita hvernig á að bera sig að.

Margir foreldrar í þessari stöðu hafa fundið fyrir því að upplýsingar skorti, til dæmis um hvers vegna á að segja börnunum frá, hvenær eigi að gera það, hvernig eigi að gera það og hvaða reynslu aðrir hafa af sömu stöðu. Markmiðið með þessum bæklingi er að varpa ljósi á þessar spurningar og vera þannig til aðstoðar fyrir bæði foreldra og aðra sem eiga samskipti við börn sem fæðst hafa eftir egg- eða sæðisgjöf.

Linköping, apríl 2018





Prófessor Gunilla Sydsjö, sálfræðingur

Gunilla.Sydsjo@gmail.com

Gunilla Sydsjö hefur í 30 ár starfað með þörum sem gangast undir frjósemisrannsóknir og meðferð á frjósemisdeild Háskólasjúkrahússins í Linköping. Á undanförunum árum hefur Gunilla rannsakað egg- og sæðisgjafir og birt niðurstöður sínar í fjölda greina. Gunilla Sydsjö var meðhöfundur bókarinnar *“Egg + Sáðfruma = Barn”*.



Sofia Sunnerud, lækni

Sofia.Sunnerud@gmail.com

Sofia Sunnerud hefur haft áhuga á því hvernig börn fræðast um aðstoð við barneignir alveg síðan hún var í læknanámi við Háskólann í Linköping. Sofia skrifaði og myndskreytti bókina *“Egg + Sáðfruma = Barn”* en það er barnabók sem hægt er að nota sem hjálpargagn til að segja frá því hvernig börn geta orðið til á mismunandi hátt. Sofia Sunnerud starfar nú á hjartadeild Háskólasjúkrahússins í Linköping.



1. HVERS VEGNA Á ÉG AÐ SEGJA FRÁ?

Flestum finnst sjálfsagður hlutur að koma heiðarlega fram gagnvart þeim sem skipta þá mestu máli í lífinu. Barninu þínu mun líða vel og skilja ákvarðanir þínar ef þér líður vel sem foreldri með þær ákvarðanir sem þú tókst til að eignast barn.

Ákvörðun um að segja barninu frá því hvernig það varð til er sjálfsögð fyrir suma, en fyrir aðra verður hún til eftir samræður við umönnunaraðila eða aðra foreldra. Viðtöl við foreldra sem hafa eignast börn eftir egg- eða sæðisgjafir hafa sýnt að flestir vilja þeir segja börnum sínum frá því, en vita ekki alltaf hvernig eða hvenær þeir eiga að gera það. Í þessum bæklingi munum við veita ráð og leiðbeiningar um þetta.

Hvers vegna á að segja frá? Grundvallaratriði fyrir flesta er að vera heiðarlegur og sýna trygglyndi gagnvart börnum sínum. Það er því sérstaklega mikilvægt að upplýsa barnið um hvernig það varð til. Með því að upplýsa um egg- og sæðisgjafir sýnum við börnunum að við séum heiðarleg og áreiðanleg. Oft hafa pör og einhleypir foreldrar, sem hafa nýtt sér tækniþróun, sagt sínum nánustu frá því, svo sem vinum, foreldrum og systkinum. Það veldur því að erfitt verður að halda því leyndu fyrir barninu.

Það kann að vera einfaldara fyrir gagnkynja pör en fyrir samkynja pör að leyndu því að notast hafi verið við egg- eða sæðisgjöf og vona að það gleymist. Ef sú leið er farin elst barnið upp án vitneskju um uppruna sinn og í þeirri hættu að það komist að hinu sanna fyrir tilviljun á unglings- eða fullorðinsaldri. Barnið gæti litið á það sem svik við sig og það gæti spillt sambandi foreldra og barns til frambúðar og knúið fram umræður um hverjum sé hægt að treysta og hvaða önnur leyndarmál gæti verið að finna innan fjölskyldunnar.

Einhleypar konur og samkynja pör velta því oft síður fyrir sér hvort eigi að segja börnunum frá eða ekki, heldur hvenær og hvernig eigi að segja þeim frá. Það getur valdið áhyggjum ef gjafinn hefur óskað nafnleyndar og ekki er hægt að rekja hann, þar sem barnið getur þá ekki komist að hinu sanna um hver hann er.

Sama vandamál getur að sjálfsögðu komið upp hjá samkynja pörum.

HVERS VEGNA HIKAR FÓLK ÁÐUR EN ÞAÐ SEGIR SANNLEIKANN?

“Ég óttast að það valdi ójafnvægi í fjölskyldunni. Það getur haft áhrif á tengsl mannsins míns við börnin”

“Við óttumst bæði að sonur okkar segi öllum í leikskólanum frá þessu og þá munu allir í kringum okkur vita það”

“Við viljum ekki að afarnir og ömmurnar viti þetta”

“... þá fara allir að leita að eiginleikum hjá dóttur okkar sem ekki er að finna hjá okkur”

“Konan mín verður mjög leið ef aðrir vita að við höfum nýtt okkur gjafaegg – það verður erfitt að útskýra”

“Ég vil hlífa manninum mínum við því að aðrir vorkenni honum – að hann hafi verið veikur og framleiði engar sáðfrumur”

“Ég kvíði því hvernig barnið muni bregðast við – munum við þurfa að ræða þetta í sífelli meðan sonur minn er barn og unglingur?”

“Maðurinn minn vill ekki að allir viti að ég hafi fengið krabbamein og þurfi þess vegna að fá gjafaegg”

“Við tilheyrum annarri menningu og það getur valdið okkur og barninu miklum vandræðum að segja frá þessu”

“Barnið mitt fer kannski að ímynda sér aðra móður, sem yrði mér erfitt – einhverja ofurmömmu sem ég gæti ekki keppt við og það gæti spíllt sambandi okkar og traustinu milli okkar”

Það er góð byrjun að yfirvinna ótta þegar ræða þarf erfið mál. Með því að tala opinskátt saman sem foreldrar og makar getið þið unnið úr hugsunum ykkar og tjáð áhyggjur ykkar. Með því að deila hugsunum ykkar hvort með öðru getið þið aukið gagnkvæman skilning.

Margir foreldrar velta því fyrir sér hvernig börn þeirra muni líta út og hverjum þau muni líkjast. Þau velta einnig fyrir sér hvernig persónuleiki og skapgerð barnsins muni verða og hvaða eiginleika það muni þroska með sér. Munu foreldrarnir sjá líkindi í útliti og skapgerð eða munu þeir uppgötva eiginleika sem þeim finnst framandi.

Allt frá því að barnið fæðist er líklegt að aðrir muni einnig tjá sig um hverjum það líkist. Margir foreldrar óttast það eða hugsunina um að það muni gerast. Sumir geta þó skemmt sér yfir því og notið þess. Til dæmis má hugsa sér að einhver segi um barn sem fæðst hefur eftir sæðisgjöf að það sé með nafið hans pabba síns. Afar og ömmur sem ekki vita málavöxtu gætu einnig sagt sögur af foreldrunum nýfæddum. Við sjáum gjarnan það sem við viljum sjá.







2. HVENÆR OG HVERNIG Á ÉG AÐ SEGJA FRÁ?

Ekki er hægt að segja að neinn aldur eða tími sé fullkominn til að segja frá. Því eiga foreldrar að byrja eins fljótt og hægt er. Fyrir suma foreldra er mikilvægt að æfa sig í að segja frá svo það verði þeim eðlilegra. Þeir byrja að tala við börn sín um að þau hafi fæðst með utanaðkomandi aðstoð meðan þau eru kornabörn og geta engan veginn skilið það sem sagt er.

Margir foreldrar tala um að þau hafi fengið hjálp á sjúkrahúsinu eftir að hafa reynt í mörg ár að eignast barn. Þá verður eðlilegt að tengja frásögnina um að barnið hafi fæðst á sjúkrahúsinu við frásögnina um að þar hafi verið veitt aðstoð til að það gæti fæðst. Þegar barnið byrjar að spyrja um hvernig börn komast inn í magann á mömmu og út aftur er orðið tímabært að ræða málið frekar. Foreldrar geta haldið sig við söguna um að þeir hafi fengið aðstoð, en einnig er hægt að kynna egg og sáðfrumur til

sögunnar og segja frá því að sjúkrahúsið hafi útvegað egg eða sáðfrumur sem síðan var komið fyrir í leginu og óx og varð að barni. Mismunandi er hve snemma börn verða móttækileg fyrir upplýsingum um veiklaðar sáðfrumur eða skort á eggjum.

Börn eru skynsöm og hugsandi og því er óráðlegt að tala um að egg eða sáðfrumur hafi verið fengið að láni, þar sem það gæti kveikt hugsanir hjá barninu um að einhvern tímann komi að því að skila þurfi egginu eða sáðfrumunum. Almennt er ráðlagt að byrja smám saman að tala um þetta við börn á aldrinum 0-5 ára og laga frásögnina að aldri þeirra. Börn taka síðan yfirleitt frumkvæði að því að afla sér frekari upplýsinga þannig að úr verður samtal milli foreldra og barns. Spurningar og hugsanir barnsins hætta þegar það telur sig hafa fengið nóg að vita í bili.

Þegar maður vill segja barninu að pabbi hafi ekki verið með neinar sáðfrumur eða ekki nógu margar er hægt að nota orð svo sem að sáðfrumurnar hafi verið "lasnar", "þreyttar" eða "of fáar" og að þess vegna hafi verið leitað aðstoðar á sjúkrahúsinu, sem útvegaði sáðfrumur frá manni sem hafði gefið þær. Ef um er að ræða gjafaegg er hægt að segja að egginn hafi verið "slöpp" eða "of fá" og þess vegna hafi verið útveguð egg frá annarri konu sem hafði gefið þau af því að hún átti nóg og vildi deila þeim með öðrum.

Fyrir mörg þör er sjálfsagt mál að segja frá og vera opinská með þær ákvarðanir sem hafa verið teknar til að geta eignast barn. Það kann að vera auðveldara fyrir samkynja þör tveggja kvenna og einhleypar konur að upplýsa um barneignir eftir egg- eða sæðisgjöf. Yfirleitt er þetta erfiðara fyrir gagnkynja þör.

"Fyrir mig og manninn minn hefur það verið sjálfsagt mál allan tímann sem við vorum í rannsóknum og meðferð að barnið ætti að fá að vita eins fljótt og eins mikið og hægt er um hvernig það varð til og hvers vegna við tókum þær ákvarðanir sem við tókum"

"Ég talaði við barnið meðan ég skipti á því – æfði mig nokkrum sinnum á að segja að við hefðum fengið mikla og góða aðstoð við að eignast það"

"Við sögðum barninu fljótt frá því að það ætti tvær mömmur – hins vegar ætti það engan pabba en góður maður hefði gefið sáðfrumurnar sínar til þess að við gætum orðið fjölskylda. Við köllum gjafann aldrei pabba."

"Sonur okkar hafði áttað sig á því að tvær mömmur eins og við hefðu ekki getað eignast barn saman án aðstoðar – en þegar hann byrjaði á leikskóla spurði hann hvort pabbi hans væri dáinn. Það tók smástund að útskýra málið, en síðan hafa ekki verið nein vandamál."

Þegar maður vill segja barninu að pabbi hafi ekki verið með neinar sáðfrumur eða ekki nógu margar er hægt að nota orð svo sem að sáðfrumurnar hafi verið "lasnar", "þreyttar" eða "of fáar" og að þess vegna hafi verið leitað aðstoðar á sjúkrahúsinu, sem útvegaði sáðfrumur frá manni sem hafði gefið þær. Ef um er að ræða gjafaegg er hægt að segja að egginn hafi verið "slöpp" eða "of fá" og þess vegna hafi verið útveguð egg frá annarri konu sem hafði gefið þau af því að hún átti nóg og vildi deila þeim með öðrum.

Fyrir mörg þör er sjálfsagt mál að segja frá og vera opinská með þær ákvarðanir sem hafa verið teknar til að geta eignast barn. Það kann að vera auðveldara fyrir samkynja þör tveggja kvenna og einhleypar konur að upplýsa um barneignir eftir egg- eða sæðisgjöf. Yfirleitt er þetta erfiðara fyrir gagnkynja þör.

"Fyrir mig og manninn minn hefur það verið sjálfsagt mál allan tímann sem við vorum í rannsóknum og meðferð að barnið ætti að fá að vita eins fljótt og eins mikið og hægt er um hvernig það varð til og hvers vegna við tókum þær ákvarðanir sem við tókum"

"Ég talaði við barnið meðan ég skipti á því – æfði mig nokkrum sinnum á að segja að við hefðum fengið mikla og góða aðstoð við að eignast það"

"Við sögðum barninu fljótt frá því að það ætti tvær mömmur – hins vegar ætti það engan pabba en góður maður hefði gefið sáðfrumurnar sínar til þess að við gætum orðið fjölskylda. Við köllum gjafann aldrei pabba."

"Sonur okkar hafði áttað sig á því að tvær mömmur eins og við hefðu ekki getað eignast barn saman án aðstoðar – en þegar hann byrjaði á leikskóla spurði hann hvort pabbi hans væri dáinn. Það tók smástund að útskýra málið, en síðan hafa ekki verið nein vandamál."



Þegar barnið verður eldra, 6-12 ára, er mikilvægt að hugsa um hvernig og hvenær á að veita því frekari upplýsingar. Börn á þessum aldri hafa fjölbreyttari viðmið varðandi mismunandi fjölskyldumynstur. Þau geta samsamað sig öðrum börnum og hafa innsýn í líf og líðan annarra fjölskyldna.

Sum börn átta sig strax á því hvernig það bar til að þau fæddust, en önnur gætu þurft meiri upplýsingar. Hægt er að sýna þeim myndir af sádfrumum og eggjum og veita þeim ítarlegar líffræðilegar útskýringar.

Eins og þegar þau voru yngri ákveða börn hve miklar upplýsingar þau vilja fá með því að spyrja frekar eða slíta samtalinu. Ef barnið lýkur samtalinu og einbeitt sér að öðru eða virðist ánæggt með það sem það hefur fengið að vita eiga fullorðnir ekki að halda áfram að veita upplýsingar eða halda samtalinu áfram. Betra er að útskýra fyrir barninu að hægt sé að halda samtalinu áfram síðar. Börn á þessum aldri hafa áhuga á að fræðast um allt ferlið.

Barnið gæti orðið þess áskynja að foreldrnir hefðu lagt mikið á sig til að eignast barn, sem oft fyllir það stolti. Forðast ætti að tala um að barnið sé sérstakt eða að þeir sem fæðast eftir egg- eða sæðisgjöf séu sérstakir. Þess í stað ætti að leggja áherslu á að barnið sé eðlilegt og hafi verið langþráð. Börn vilja finna að þau séu eins og aðrir og að einhverjum þyki vænt um þau – það er erfitt að vera sérstakur. Unglingar eru oft uppteknir af eiginleikum sínum – einkum þeim sem eru góðir og eftirsóknarverðir. Einnig hugsa þeir mikið um útlit sitt, hverjum þeir líkist og hvers vegna, auk persónuleikans. Persónuleiki tekur til atferlis, tilfinninga, viðhorfa og hugsanagangs og ræðst bæði af erfðum og umhverfi. Á þessum aldri mótumst við sem einstaklingar, meðal annars með samskiptum við aðra sem við umgöngumst, þar á meðal foreldra og systkini.

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um hvernig unglingar hugsa um gjafann og hve miklar upplýsingar þeir vilja fá.

Lítil rannsókn var gerð í Bandaríkjunum á 29 börnum u.þ.b. 15 ára, sem tilheyrðu fjölskyldum með þrenns konar fjölskyldumynstri (11 börn einstæðra mæðra, 12 börn með tvær mæður og 6 börn með móður og föður) og þar sem gjafinn óskaði ekki nafnleyndar, þ.e. barnið gat fengið upplýsingar um gjafann þegar það komst á fullorðinsár. Í rannsókninni svöruðu unglingarnir spurningum um reynslu sína af því að hafa fæðst eftir egg- eða sæðisgjöf. Í ljós kom að meirihluta þeirra fannst þau alltaf hafa vitað að þau hefðu fæðst eftir egg- eða sæðisgjöf og að þau hefðu verið meðvituð um það frá 7 ára aldri. Mörg barnanna sögðust ekki hafa fundið fyrir neikvæðum áhrifum af því að segja nánunum ættingjum og jafnvel sumum vinum frá þessu. Meirihluti unglinganna sagðist hugsanlega vilja hafa samband við gjafann, aðallega til að sjá hvernig hann liti út og kynnast aðeins persónuleika og áhugamálum (Sheib et al 2005).

Engin reynsla er enn af því á Íslandi hvernig unglingar sem hafa fæðst eftir egg- eða sæðisgjöf hugsa, hve miklar upplýsingar þeir myndu vilja fá síðar eða hvort þeir myndu vilja hitta gjafann. Unnið er að slíkum rannsóknum í öðrum löndum. Rétt er að gera sér grein fyrir því að hver einstaklingur hugsar á sinn hátt og að ekki er hægt að draga upp einsleita mynd af því hvað hentar hverjum unglingi best.

3. HVAÐ KÖLLUM VIÐ GJAFANN?

Það segir sig sjálft fyrir flesta foreldra að gjafinn er gjafi - ekki líffræðilegur faðir eða líffræðileg móðir. Það er mismunandi eftir fjölskyldum hvernig foreldrarnir vísa til gjafans og fer einnig eftir aldri barnsins. Fyrir marga er gjafinn einfaldlega karl eða kona sem gaf sjúkrahúsinu sem foreldrarnir leituðu til frumur úr sér, eða sáðfrumur og egg ef kosið er að orða það þannig. Þegar börn vaxa úr grasi skilja þau betur orðið gjafi, að það sé einhver sem gefur eitthvað til að gleðja aðra.

Stundum er talað um líffræðilegan föður og líffræðilega móður. Þá er gjafinn líffræðilegur faðir og heimilisfaðirinn uppeldisfaðir, þar sem hann hefur engin erfðafræðileg tengsl við barnið. Munið að faðir og móðir eru þeir foreldrar sem barnið elst upp hjá – ekki gjafinn - og feður vilja sjaldnast láta vísa til sín sem uppeldisföður. Það er mjög mikilvægt að tala skýrt við börn. Þegar það hefur náð þroska til getur verið nauðsynlegt að útskýra frekar að gjafinn hafi engar skuldbindingar eða réttindi gagnvart barninu – hvorki þá né síðar. Börn gætu velt þessu fyrir sér, einkum á unglingsaldri, og spurt um lög og reglur þessu viðkomandi.



4. STAÐGÖNGUFORELDRAR

Að sjálfsögðu þarf einnig að segja börnum sínum frá því ef þau hafa fæðst með aðstoð staðgöngumóður. Það er enn ekki leyft á Íslandi og því eru engin lög eða leiðbeiningar til um hvernig á að bera sig að og hvaða upplýsingar er ráðlegt að veita börnum.

Ýmsar sviðsmyndir eru hugsanlegar fyrir fjölskyldur sem hafa farið til annarra landa og nýtt sér slíka möguleika til að eignast barn. Barnið getur verið erfðafræðilegt afkvæmi beggja foreldranna, ef fósturvísir sem varð til við frjóvgun eggis frá konunni með sáðfrumum frá karlinum hefur verið settur upp hjá staðgöngumóðurinni. Fyrir samkynja par tveggja karla gætu sáðfrumur frá öðrum karlinum hafa frjóvgað egg staðgöngumóðurrinnar eða gjafaegg. Fyrir samkynja par tveggja kvenna gæti önnur konan hafa lagt til egg og sáðfrumur komið frá þekktum eða óþekktum sæðisgjafa.

Í slíkum tilvikum eru möguleikar til að afla upplýsinga um gjafana oft takmarkaðir.

Ekki er mikið vitað um hvaða upplýsingar foreldrar geta veitt börnum sínum um hvernig staðgöngumóðurinni leið á meðgöngu og hvernig lífi hún lifði, þegar barnið byrjar að spyrja. Sumar fjölskyldur hafa samband við staðgöngumóðurina, en aðrar fjölskyldur hafa ekki tök á því. Það getur verið vegna þess að ákveðið hafi verið að hafa ekkert samband eða vegna þess að staðgöngumóðirin gæti verið í hættu ef aðrir kæmust að því að hún hafi verið staðgöngumóðir. Til dæmis gæti hún lent í vandræðum ef fjölskylda hennar og ættingjar kæmust að því. Lítil reynsla liggur fyrir því hvað börn þurfa og vilja fá af upplýsingum um staðgöngumóður sína og fjölskyldu hennar og hvaða möguleika þau hafa til að afla slíkra upplýsinga.



5. ERU EINHVER TILVIK ÞAR SEM EKKI ÆTTI AÐ SEGJA FRÁ?

Meginreglan er að svo sé ekki. Barnið á rétt á að vita hvernig það varð til. Það á einnig rétt á að vita hvort hægt sé að rekja hver gjafinn er, út frá upplýsingum á sjúkrahúsinu eða tæknifrjóvgunarstofunni sem aðstoðaði foreldrana.

Þó eru aðstæður til að segja barninu frá ekki alltaf jafn heppilegar. Barnið getur átt erfitt með að tileinka sér upplýsingar ef það er órólegt eða er að veikjast. Einnig getur verið gott að bíða með að segja frá ef annað hvort foreldranna er fjarri heimilinu eða mun verða það í langan tíma á næstunni.

Ef tveir foreldrar eru til staðar hefur barnið oft þörf fyrir að ræða við og spyrja þá báða – spurningarnar til pabba og mómmu eru ekki endilega þær sömu. Á sama hátt er mikilvægt að einhleypir foreldrar gæti þess að hefja upplýsingagjöfina þegar nægur tími er til að sinna barninu og spurningum þess.

Stundum eru tilgreindar menningarlegar eða trúarlegar ástæður fyrir því að segja barninu ekki frá. Ekki er mælt með því að foreldrar eða aðrir fullorðnir noti slík rök ef börn hafa fæðst eftir egg- eða sæðisgjöf eða með staðgöngumæðrun.



6. UM EGG- OG SÆÐISGJAFI

Egg- eða sæðisgjöf er nákvæmlega það sem orðin fela í sér: gjöf án þess að gjafinn njóti ávinnings eða réttinda til að hafa áhrif á hver eða hverjir njóta gjafarinnar. Gjafi öðlast þannig hvorki réttindi gagnvart barni sem fæðist vegna gjafarinnar né lagalegar eða siðferðislegar skyldur gagnvart því.



REGLUR UM GJAFÆGG

Konur sem gefa egg þurfa að vera á aldrinum 23-35 ára og æskilegt en ekki nauðsynlegt er að þær eigi sjálfar börn. Þær þurfa að vera heilbrigðar og mega ekki vera með neina alvarlega arfgenga sjúkdóma í nánustu fjölskyldu. Á sumum tæknifrjóvgunarstofum er gerð litningagreining til að útiloka litningafrávik sem gætu erfst. Allar konur sem gefa egg eru skimaðar tvisvar fyrir þekktum smitsjúkdómum, svo sem HIV og lifrabólgu, með sex mánaða millibili.


Konurnar fá táknræna þóknun fyrir gjöfina sem getur verið mismunandi milli tæknifrjóvgunarstofa. Þóknuninni er ætlað að standa straum af kostnaði sem konan stofnar til í tengslum við gjöfina.

HVERJAR GEFA EGG?


Rannsóknir á konum sem gefa egg í Svíþjóð hafa sýnt að meðalaldur þeirra er 31 ár. Meirihluti þeirra kvenna sem gefa egg, 65%, eiga sjálfar börn og 45% þeirra eru með háskólamenntun.

Konur sem gefa egg hafa mjög skýra sýn varðandi það að ljúka verkefnum og ná markmiðum sínum í lífinu. Konurnar sem tóku þátt í sænsku rannsókninni voru einnig mjög fórnfúsar að eðlisfari og vildu hjálpa öðrum að eignast börn (Skoog Svanberg et al.).

Þegar konunum var fylgt eftir, 7-8 árum eftir gjöfina, sögðu þær að sér liði vel bæði andlega og líkamlega. Meirihluta kvennanna þótti hæfilegt að hver gjafi ætti þátt í fæðingu 1-10 barna. Þegar spurt var hvort konurnar hefðu fylgst með því hvort börn hefðu fæðst eftir gjafir þeirra svöruðu 57% því að þær vissu til þess að svo væri – 43% sögðust ekki hafa haft þörf fyrir að vita það (Sydsjö et al. 2012).




"Ég vil gjarnan gefa eitt eða fleiri egg - ég á tvö börn og veit hvað felst í því að vera foreldri - ég vil að aðrar konur geti orðið þeirrar gæfu aðnjótandi þó þeirra egg dugi ekki til"



"Það er sjálfsagt mál fyrir mig að deila með öðrum ef ég get - mamma var sama sinnis og studdi þá ákvörðun mína að gefa egg - hún sagði að ef hún hefði verið á réttum aldri hefði hún líka gefið"

"Ég gerði þetta af fúsum og frjálsum vilja - ég hef ekki sagt neinum frá því - ég lít svo á að ég sé að gefa gjöf sem nýtist einhverjum sem ég þekki ekki"



"Ég vona að það sem ég gef gleðji aðra - ég hef gefið egg tvisvar og finnst það vera mjög góð leið til að aðstoða aðra við að eignast börn. Ég lít ekki svo á að ég sé að eignast börn - þetta er í raun og veru gjöf - ég hef ekki fylgst með því hvort börn hafa fæðst eftir gjafirnar frá mér"

REGLUR UM GJAFASÆÐI

Karlar sem gefa sæði þurfa að vera á aldrinum 23-45 ára og æskilegt en ekki nauðsynlegt er að þeir eigi sjálfir börn. Þeir þurfa að vera heilbrigðir og mega ekki vera með neina alvarlega arfgenga sjúkdóma í nánustu fjölskyldu. Á sumum tæknifrjóvgunarstofum er gerð litningagreining til að útiloka litningafrávik sem gætu erfst. Karlar sem gefa sæði eru skimaðir fyrir smitsjúkdómum (svo sem HIV og lifrabólgu) áður en sæðið er fryst í sérstökum stráum sem geymd eru í kælibrúsum á tæknifrjóvgunarstofunni í a.m.k. sex mánuði. Þá kemur gjafinn aftur og er skimaður fyrir smitsjúkdómum og eftir það er hægt að nota sáðfrumurnar til gjafa.

HVERJIR GEFA SÆÐI?

Í sænskri rannsókn á sæðisgjöfum sem hefur staðið yfir síðan 2005 var meðalaldur sæðisgjafa 34 ár og áttu 36% þeirra börn þegar þeir gáfu sæði (Sydsjö et al. 2012). Gjafarnir líta á sig sem sjálfstæða, ábyrga og einbeitta. Þeir lýsa einnig sjálfum sér sem góðum samfélagsþegnum sem geta sett sig í spor annarra og eru umburðarlyndir. Þegar körlunum var fylgt eftir, 7-8 árum eftir gjöfina, sögðu þeir að sér líði vel bæði andlega og líkamlega og væru ánægðir með að hafa gefið sæði. 46% karlanna þótti hæfilegt að hver gjafi ætti þátt í fæðingu 1-10 barna. Karlarnir höfðu ekki mikla þörf fyrir að vita hvort börn hefðu fæðst eftir gjafir þeirra, 47% höfðu ekki grennslast fyrir um það.

“Ég hef gefið blóð í 10 ár – sá að þörf var fyrir gjafasæði – ekkert að því að gefa það líka finnst mér”

“Ég sá þátt í sjónvarpinu um par sem gat ekki eignast barn vegna þess að maðurinn framleiddi ekki sáðfrumur – ég hafði ekki áttað mig á að það gæti verið vandamál. Ég hafði samband við tæknifrjóvgunarstofu og fékk góðar upplýsingar og móttökur – eftir það var sjálfsagt að gefa.”

“Ég gef eina frumu – það er ekkert mál – parið sem fær hana sér um afganginn”

“Ég skrifaði á gjafakortið mitt að ef einhver getur nýtt sér líffæri, blóð eða sæði úr mér sé rétt að leyfa öðrum að njóta góðs af”

“Ég er stoltur af því að vera gjafi og veit að ég hef leitt til þess að börn hafa fæðst, ég vona að þeim líði vel og að foreldrar þeirra séu hamingjusamir”

HVAD VITUM VIÐ UM HVORT GJAFAR VILJI AÐ HAFT SÉ SAMBAND VIÐ ÞÁ?

Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á áhuga barna á að fá vitneskju um gjafann og hugsanlega leita hann uppi. Þekking á viðbrögðum við og reynslu af því að hafa samband við gjafann eða fá persónugreinanlegar upplýsingar um hann, sem leiða til þess að hægt sé að finna hann, t.d. á netinu, er enn mjög takmörkuð. Gerðar hafa verið rannsóknir á viðhorfum sæðisgjafa til þess að börn sem fæðst hafa eftir frjóvgun með sæði þeirra hafi samband við þá. Rannsókn sem gerð var á sæðisgjöfum í Svíþjóð benti til þess að gjafar væru jákvæðir gagnvart því að hafa síðar samband við börn sem fæðst hefðu eftir sæðisgjöf þeirra.

Einhleypar konur og samkynja pör tveggja kvenna gætu verið viðkvæmari gagnvart því að segja börnum sínum að þau hafi fæðst eftir sæðisgjöf og að til sé gjafi sem hægt sé að hafa samband við þegar þau ná fullorðinsaldri. Það gæti aukið áhuga barnanna á að hafa síðar samband við gjafann til að kynnast honum og áhugamálum hans og komast að því hvers vegna hann valdi að gefa sáðfrumur.







7. RÁÐGJÖF OG STUÐNINGUR

Almennt má segja að allir aðilar sem koma að umönnun og heilsu barna eigi að geta aðstoðað foreldra við að ræða spurningar sem varða egg- eða sæðisgjafir og foreldrahlutverkið. Gera á ráð fyrir að heilsuvernd barna, leikskólar og grunnskólar hafi yfir að ráða nægri þekkingu til að veita stuðning eða sjá til þess að foreldrar geti rætt við sérfróða aðila. Börn og unglingar sem hafa fæðst eftir egg- eða sæðisgjöf geta til dæmis rætt við sálfræðing á vegum heilsuverndar barna, skólasálfræðing eða ráðgjafa.

Einnig er hægt að leita til þeirrar tæknifrjógvunarstofu sem veitti aðstoð við getnaðinn til að fá leiðbeiningar. Einstaklingum og þörum sem hafa þörf fyrir að ræða stöðu sína er ráðlagt að ræða við sálfræðing með sérþekkingu á frjósemismálum.



8. ÍTAREFNI

Beeson DR, Jennings PK, Kramer W. Offspring searching for their sperm donors: how family type shapes the process. *Human Reproduction*. 2011; 26:2415–2424.

Golombok S, MacCallum F, Goodman E, Rutter M.
Families with children conceived by donor insemination: a follow-up at age twelve.
Child Dev. 2002 May-Jun;73(3):952-68.

Golombok S, Brewaeys A, Giavazzi MT, Guerra D, MacCallum F, Rust J.
The European study of assisted reproduction families: the transition to adolescence.
Hum Reprod. 2002;17:830-40.

Isaksson S, Skoog Svanberg A, Sydsjö G, Thurin-Kjellberg A, Karlström PO, Solensten NG, Lampic C. Two decades after legislation on identifiable donors in Sweden: are recipient couples ready to be open about using gamete donation? *Hum Reprod*. 2011;26:853-860.

Isaksson S, Sydsjö G, Skoog Svanberg A, Lampic C. Disclosure behaviour and intentions among 111 couples following treatment with oocytes or sperm from identity-release donors: follow-up at offspring age 1-4 years. *Hum Reprod*. 2012;27:2998.

Isaksson S, Skoog-Svanberg A, Sydsjö G, Linell L, Lampic C.
It takes two to tango: information-sharing with offspring among heterosexual parents following identity-release sperm donation. *Hum Reprod*. 2016 Jan;31(1):125-32.

Jadva V, Freeman T, Kramer W, Golombok S. Experiences of offspring searching for and contacting their donor siblings and donor. *Reprod Biomed Online*. 2010;20(4):523-32.

Lalos A, Daniels K, Gottlieb C, Lalos O. Recruitment and motivation of semen providers in Sweden. *Human Reproduction* 2003;18:212–216.

Leeb-Lundberg S, Kjellberg S, Sydsjö G. Helping parents to tell their children about the use of Donor Insemination (DI) and determining their opinions about open-identity sperm donors. *Acta Obstet Gynecol Scand*. 2006;85:78-81.

Scheib et al. Adolescents with open-identity sperm donors: reports from 12–17 year olds. *Human Reproduction* 2005; 20: 239–252.

Skoog Svanberg A, Lampic C, Gejerwall AL, Gudmundsson J, Karlström PO, Solensten NG, Sydsjö G. Gamete donors' satisfaction; gender differences and similarities among oocyte and sperm donors in a national sample. *Acta Obstet Gynecol Scand*. 2013;92(9):1049-56.

Skoog Svanberg A, Sydsjö G, Ekholm Selling K, Lampic C. Attitudes towards gamete donation among Swedish Obstetricians and Gynaecologists. *Human Reproduction* 2008;23:904-11.

Sydsjö G, Lampic C, Brändström S, Gudmundsson J, Karlström P, Solensten N, Thurin-Kjellberg A, Svanberg A. Personality characteristics in a Swedish national sample of identifiable oocyte donors. *BJOG*. 2011;118(9):1067-1072.

Sydsjö G, Lampic C, Brändström S, Gudmundsson J, Karlström P, Solensten N, Thurin-Kjellberg A, Svanberg A. Who becomes a spermdonor: personality characteristics in a national samples of identifiable donors. *BJOG*. 2012;119(1):33-9.

Sydsjö G, Lampic C, Sunnerud S, Svanberg AS. Nurses promote openness regarding the genetic origins after gamete donation. *Acta Paediatr*. 2007;96:1500-4.

Sydsjö G, Svanberg AS, Bladh M, Lampic C. Relationships in couples treated with sperm donation - a national prospective follow-up study. *Reprod Health*. 2014 Aug 7;11:62.

Sydsjö G, Lampic C, Bladh M, Skoog Svanberg A. Relationships in oocyte recipient couples - a Swedish national prospective follow-up study. *Reprod Health*. 2014; 26;11:38.

Sydsjö G, Lampic C, Bladh M, Svanberg AS. Oocyte and sperm donors' opinions on the acceptable number of offspring. *Acta Obstet Gynecol Scand*. 2014;93(7):634-9.

Svanberg AS, Lampic C, Gejerwall AL, Gudmundsson J, Karlström PO, Solensten NG, Sydsjö G. Gamete donors' motivation in a Swedish national sample: is there any ambivalence? A descriptive study. *Acta Obstet Gynecol Scand*. 2012;91(8):944-

Sænsk lög, reglugerðir og skýrslur

Lagen (1984:1140) om insemination

Lagen (1988:711) om befruktning utanför kroppen Föräldrabalken

Sekretesslagen (1980:100)

Socialstyrelsens föreskrifter och allmänna råd om assisterad befruktning (SOSFS 2002:13)

2016. 1 april. Ny lag ger ensamstående rätt till insemination. <http://www.socialstyrelsen.se/barnochfamilj/graviditet/assisteradbefruktning>


Prop. 1984/85:2 om artificiella inseminationer

Prop. 2001/02:89 Behandling av ofrivillig barnlöshet

Får barnen veta? Barn som fötts efter en givarinsemination, SoS-rapport 2000:6



Merck AB
Icepharma
Lyngháls 13, 110 Reykjavík
Sími: 540 8000
www.icepharma.is



MERCK